

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008, landnotkun við Austurveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að 2600 m² svæði sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota verður svæði fyrir frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.